



EFNI:

Sjálfsvíg og
vísvitandi
sjálfsskaði

bls. 1

Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir
sviðsstjóri, ábm.

Jónína M. Guðnadóttir

Ritstjóri

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

EMBÆTTI LANDLÆKNIS HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR

Barónsstíg 47
101 Reykjavík
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa
fréttabréfs, sé heimildar getið.

SJÁLFSVÍG OG VÍSVITANDI SJÁLFSKAÐI

Mikilvægt er að vakta tíðni sjálfsskaða og sjálfsvíga með reglubundnum hætti. Brýnt er að valdar séu viðurkenndar aðferðir og viðmið við þá vöktun. Um þessar mundir eru stigin fyrstu skrefin við nýtingu þeirra gagna sem berast landlækni í rauntíma frá sjúkrahúsum landsins til að meta tíðni vísvitandi sjálfsskaða og umfang þess vanda. Þá eru nú einnig birtar nýjar tölur um sjálfsvíg fyrir árin 2011 og 2012.


Vísvitandi sjálfsskaði

Í Vistunarskrá sjúkrahúsa, sem vistuð er hjá Embætti landlæknis, eru skráðar upplýsingar um sjúklinga sem komið hafa á sjúkrahús landsins. Í skránni er að finna upplýsingar um legusjúklinga og ferlisjúklinga. Legusjúklingar eru þeir sem liggja inni lengur en sólarhring en ferlisjúklingar þeir sem ekki leggjast inn heldur njóta sjúkrahúspjónustu í allt að sólarhring. Sjúkdómsgreining hvers sjúklings er eitt þeirra atriða sem skráð er í skrána.

Þessi samantekt tekur bæði til legu- og ferlisjúklinga sem fengu ICD-10 sjúkdómsgreiningarkóðana X60-X84, en þeir lýsa sjálfsskaða sem felur í sér vísvitandi eitrun eða áverka af eigin völdum, þar á meðal tilraun til sjálfsvígs. Í úttektinni voru allar sjúkdómsgreiningar taldar, ekki einungis aðalgreining. Þess ber að geta að samkvæmt nýjustu athugunum embættisins er skráning á sjúkdómsgreiningum legusjúklinga góð (rúmlega 90% þekjun á landsvísu). Samsvarandi skráning á sjúkdómsgreiningum ferlisjúklinga var 78–86% á árunum 2011–2013.

Legusjúklingar

Á mynd 1 má sjá að fjöldi einstaklinga sem lagðir voru inn vegna sjálfsskaða á árabílinu 2003–2013 sveiflast nokkuð. Árið 2013 voru 113 einstaklingar lagðir inn vegna sjálfsskaða, sem er nokkur aukning frá árinu 2012, en vegna tilviljanakenndra árssveiflna getur verið varasamt að spá nokkuð um þróunina. Að



Mynd 1. Fjöldi lega vegna sjálfsskaða á sjúkrahúsum á Íslandi 2003–2013

*Tölur ársins 2010 eru ekki birtar hér þar sem það ár var innleitt nýtt rafrænt skráningarkerfi á öllum heilbrigðisstofnunum landsins. Samhliða því voru gerðar breytingar á lágmarksskráningu vistunarypplýsinga á sjúkrahúsum. Við breytingar sem þessar breytist vinnulag og má gera ráð fyrir einhverri skekkju í skráningu og úrvinnslu gagna þá mánuði sem starfsfólk er að aðlagast nýju kerfi og nýjum skilgreiningum.

Hlutfallslega fleiri konur eru lagðar inn vegna vísitandi sjálfsskaða en karlar.

Heildarfjöldi sjálfsvíga á árinu 2011 reyndist vera 27, fimm konur og 22 karlar. Á árinu 2012 voru sjálfsvíg hér á landi 35, 11 konur og 24 karlar.

milli innritunar og útskriftar sjúklings af legudeild). Vistunarskrá inniheldur rauntímaupplýsingar og hefur því til viðbótar við þær tölur sem hér eru birtar einnig upplýsingar frá árinu í ár. Það sem af er árinu 2014 hafa 45 einstaklingar legið á sjúkrahúsum landsins af völdum sjálfsskaða (50 legur).

Eins og sjá má á mynd 1 eru hlutfallslega fleiri konur lagðar inn vegna sjálfsskaða en karlar. Konur voru árið 2013 rúm 68% heildarinnar en karlar tæp 32% (meðaltal árána 2003–2013 var 36% karlar, 64% konur). Þess ber að geta að meirihluti (92%) þessara einstaklinga lagðist inn á Landspítala og Sjúkrahúsið á Akureyri. Árið 2013 voru tilvik sjálfsskaða hlutfallslega flest meðal einstaklinga í aldurshópnum 20–29 ára (26% af heild). Nokkur munur er þó á kynjunum með tilliti til aldurs, stærstur hluti karla var á aldrinum 20–29 ára (39%) en hlutfallslega flestar konur í yngsta aldurshópnum, undir 20 ára (26%). Þess ber að geta að á árinu 2013 var yngsti einstaklingur sem lá inn vegna sjálfsskaða 14 ára og sá elsti 81 árs.

Ferlisjúklingar

Árið 2013 voru 163 ferlisjúklingar greindir með vísitandi sjálfsskaða, 112 konur (tæp 69%) og 51 karl (rúm 31%). Rúm 67% þessara einstaklinga voru á aldrinum 10–29 ára (tæp 36% af þeim á aldrinum 20–29 ára). Tæp 42% kvenna á árinu 2013 voru yngri en 20 ára en tæp 10% karla voru í þessum aldurshópi. Hins vegar voru tæp 53% karla í aldurshópnum 20–

29 ára á móti tæpum 28% kvenna í sama aldurshópi.


Alls voru komur þeirra sjúklinga sem greindir voru með vísitandi sjálfsskaða 201 talsins, sem þýðir að ákveðinn hluti kom oftar en einu sinni. Nokkur aukning hefur orðið frá fyrri árum og er skýringanna líklega að leita í bættri skráningu. Þeir sjúkdómsgreiningarkóðar sem hér um ræðir lýsa ytri orsök áverkans. Þegar um áverka er að ræða er skylt að skrá orsakakóða auk áverkakóðans sjálfs. Embætti landlæknis er kunnugt um að slysadeild Landspítala hefur nýverið gert átak í því að bæta skráningu á orsökum áverka.

Sjálfsvíg

Í kjölfar efnahagsþrenginga hér á landi hefur mikil áhersla verið lögð á að vakta tíðni sjálfsvíga ekki síður en sjálfsskaða. Á sama tíma hafa orðið umtalsverðar tafir á skráningu dánarmeina og útgefin tölfraedi því ekki verið aðgengileg tímanlega. Sem viðbrögð við því hafa í tvígang verið birtar bráðabirgðatölur um sjálfsvíg á liðnum árum, í [maí 2009](#) og aftur í [mars 2012](#). Niðurstaða þeirrar vinnu gaf ekki til kynna fjölgun á sjálfsvígum meðal íbúa landsins.

Nú hafa verið yfirfarin sérstaklega andlát þar sem grunur er um sjálfsvíg fyrir árin 2011 og 2012. Skráning ársins 2010 er langt komin og verða endanlegar niðurstöður þess árs birtar síðar í haust ásamt bráðabirgðaskráningu sjálfsvíga fyrir árið 2013. Við túlkun þessara talna er vert að árétta mikilvægi þess að fara varlega í sakirnar þegar fjallað er um tíðni sjálfsvíga hér á landi út frá árlegum tölum. Mun hættara er við tilviljanakenndum sveiflum hér en víðast hvar annars staðar vegna þess hve fámenn þjóðin er.

Á árunum 2005 til 2009 var heildarfjöldi sjálfsvíga hér á landi á bilinu 31 til 37 á ári. Heildarfjöldi sjálfsvíga á árinu 2011 reyndist vera 27, fimm konur og 22 karlar. Á árinu 2012 voru sjálfsvíg hér á landi 35, 11 konur og 24 karlar. Gögn ársins 2013 eru í vinnslu og gefa fyrstu niðurstöður ekki til kynna að um fjölgun sé að ræða. Fullnaðarskráningu fyrir ofangreind ár er ekki lokið og því ekki hægt að bera tíðni sjálfsvíga saman við aðra flokka dánarmeina. Ekki er talið að neinar aðstæður séu fyrir hendi sem gætu leitt til vanskráningar sjálfsvíga enda er hlutfall krufninga í tilviki óvæntra andláta mjög hátt á Íslandi og fólk almennt jákvætt



Mynd 2. Fjöldi sjálfsvíga á Íslandi 2003-2012 (skráningu ársins 2010 er ólokið)

Sjálfsvígum í yngri aldurshópum fjölga ekki en sjálfsvíg yngri en 20 ára hafa undanfarin ár verið um 5% af heildarfjölda sjálfsvíga.

gagnvart því að fá skýringu á andláti ættingja. Opinberar tölur um dánarmeiri hér á landi byggja ætíð á skráningu á andláti þeirra sem eiga lögheimili á Íslandi og er þeirri reglu einnig fylgt hér.

Dreifing sjálfsvíga eftir aldri á árunum 2011–2012 er svipuð og verið hefur. Niðurstöður gefa til kynna að sjálfsvígum í yngri aldurshópum fjölga ekki en sjálfsvíg yngri en 20 ára hafa undanfarin ár verið um 5% af heildarfjölda allra sjálfsvíga. Flest sjálfsvíg verða meðal einstaklinga á aldrinum 30–59 ára.

Norrænn samanburður


Áður birt gögn hafa sýnt að tíðni sjálfsvíga hér á landi er svipuð og á hinum Norðurlöndunum. Í gögnum frá *Health For All*, gagnagrunni Evrópskrifstofu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, kemur fram að dánartíðni vegna sjálfsvíga einstaklinga á Íslandi undir 64 ára aldri, miðað við 100.000 íbúa á árunum 1999–2009, var svipuð og í Noregi og í Svíþjóð. Hækkunin á Íslandi árið 2000 skýrist af fjölgun sjálfsvíga

meðal ungra karlmannna en þeim fækkaði ört aftur. Tíðnitölur sjálfsvíga í Finnlandi eru heldur hærrí en á Íslandi en hins vegar nokkuð lægri í Danmörku. Skráning dánarmeina hjá Dönum féll niður á árunum 2007–2010 en tölur ársins 2011 gefa til kynna óbreytta tíðni, sjá mynd 3.

Útgáfu rafrænna dánarvottorða seinkar

Áætlanir Embættis landlæknis gera ráð fyrir að seinkun í skráningu dánarmeina verði unnin upp á næstu tveimur árum og að skráning þeirra verði þá komin í fyrra horf. Fyrri áætlanir höfðu gert ráð fyrir útgáfu rafrænna dánarvottorða á árinu 2015 en því hefur verið frestað að sinni. Er það bagalegt í ljósi þeirra tafa á umsýslu og úrvinnslu dánarmeina sem af því hljótask.

Lilja Sigrún Jónsdóttir
Svanhildur Þorsteinsdóttir



Mynd 3. Dánartíðni af völdum sjálfsvíga á Norðurlöndunum miðað við 100.000 íbúa yngri en 64 ára

Heimild: European Health for All database (HFA-DB) <http://www.euro.who.int/en/data-and-evidence/databases/european-health-for-all-database-hfa-db>
Sótt 26. ágúst 2014, gögn uppfærð í apríl 2014.